

Móta- og keppnisreglur Fimleikasambands Íslands

I. KAFLI

Almennt

1. gr.

Þátttökuskilyrði

Aðeins félag innan Fimleikasambands Íslands (FSÍ) og Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) eiga rétt á að taka þátt í opinberum fimleikamótum. Öll fimleikamót skulu fara fram skv. lögum ÍSÍ og sérreglum sambandsins. Samþykktir Alþjóðafimleikasambandsins (FIG) eru leiðbeinandi fyrir FSÍ.

FSÍ sér um að tilkynna öll opinber fimleikamót til sambandsaðila með löglegum fyrirvara, sem skal vera minnst sex vikur.

Nöfn móta, þar sem það á við, skulu haldast óbreytt nema styrktaraðili mótsins fari fram á annað.

II. KAFLI

Mótahald, hlutverk og ábyrgð

2. gr.

Flokkar móta

FSÍ mót skiptast í þrjú flokka; A, B og C flokka.

A: Mót með fáum keppendum og strangar kröfur til húsnæðis.

B: Meðal fjöldi keppenda en svipaðar kröfur til húsnæðis.

C: Mót með mörgum keppendum, minni kröfur til húsnæðis.

Einstök mót skulu skiptast reglubundið milli fimleikafélaga og skal skiptingin miðast við að þau hafi bolmagn til að halda mót af ákveðinni stærðargráðu (A, B, C).

3. gr.

Mótahald

Skrifstofa FSÍ úthlutar mótum til fimleikafélaga fyrir lok september ár hvert. Fimleikamótum er útteilt samkvæmt svokallaðri hringekju. Það er gert svo að jafnræði gildi um mótahald. Hringekjan gildir til tveggja ára í senn, en skal endurskoðuð að hverju hausti.

Geti félag vegna óviðráðanlegra aðstæðna ekki séð um framkvæmd móts sem því hefur verið úthlutað, ber því að leita aðstoðar FSÍ með góðum fyrirvara, minnst 2 mánuðum. Fáist ekki annað félag til að halda mótið getur stjórn FSÍ fellt mótið niður. Vangeta félags til að halda mót getur leitt til þess að það missi stað sinn í næstu hringekju og fái því ekki boð um að halda næsta mót sem því hefði annars verið úthlutað.

Félag bera ábyrgð á réttri skráningu keppenda á mót, aldri, félagsaðild, leyfisskráningu og greiðslu þátttökugjalda. Einnig bera félagin ábyrgð á að þjálfara- og dómarskráning sé gerð og að þjálfarar og dómara séu með leyfi í samræmi við hlutverk. Stjórn FSÍ hefur þó heimild til að bjóða einstaklingum að keppa á mótum FSÍ sem gestir.

4. gr.

Frestun móta

Komi til þess að fresta þurfi mótahaldi t.d. vegna ófærðar eða annarra ófyrirsjáanlegra aðstæðna, skal skrifstofa bera ákvörðunina undir framkvæmdarstjóra FSÍ. Eftir að ákvörðun er tekin skal upplýsa stjórn og tilkynna hana til féлага. Tilkynningin skal berast öllum aðilum á sama tíma.

Unnið skal að því eins fljótt og auðið er að finna nýja dagsetningu fyrir mótið og fer sú vinna fram á skrifstofu í samstarfi við framkvæmdaaðila.

5. gr.

Ábyrgð og hlutverk fimleikafélaga vegna mótahalds

Fimleikafélag sem fengið hefur móti úthlutað (framkvæmdaaðili móts) ber að:

- a) Sjá um alla tæknilega framkvæmd mótsins í samstarfi við tækninefndir og skrifstofu.
- b) Setja upp samningsbundnar auglýsingar í keppnissal á þá staði sem FSÍ ákveður. FSÍ upplýsir fimleikafélag tímanlega um fjölda auglýsinga sem setja þarf upp.
- c) Veita aðstöðu fyrir samstarfsaðila FSÍ í samræmi við samninga sem FSÍ hefur gert, þar með talið að tryggja samningsefndir FSÍ í samræmi við einkaréttarsamninga, ef við á. FSÍ upplýsir fimleikafélög tímanlega um hvers konar aðstöðu þörf er á með vísan til þeirra samninga sem um ræðir.
- d) Fylgja ákvæðum um aðgangseyri á mótum FSÍ.

6. gr.

Ábyrgð og hlutverk FSÍ vegna mótahalds

- a) FSÍ upplýsir fimleikafélag tímanlega um fjölda auglýsinga sem setja þarf upp.
- b) FSÍ upplýsir fimleikafélag tímanlega um hvers konar aðstöðu þörf er á með vísan til þeirra samninga sem um ræðir.
- c) FSÍ útvegar verðlaunagripir fyrir FSÍ mót.

7. gr.

Aðgangseyrir á mótum FSÍ

- a) Á hverju móti greiða áhorfendur einungis einu sinni aðgangseyri.
- b) Skráðir keppendur greiða einungis mótagjald en ekki aðgangseyri.
- c) Á innlendum stórmótum (A mót að undanskildu Bikarmóti í áhaldafimleikum) verða þrjú gjaldflokkar;
 - a. Fullorðnir 18 ára og eldri
 - b. Unglingar 13-17 ára - 50% af fullorðinsgjaldi.
 - c. Börn 12 ára og yngri – frítt.
- d) Á öðrum innlendum mótum er einn gjaldflokkur;
 - a. Fullorðnir 18 ára og eldri – greiða aðgangseyri.
 - b. Börn og unglíngar 17 ára og yngri - frítt.
- e) Við erlent mótahald er ákvörðun aðgangseyris samkomulag á milli FSÍ og mótshaldara.

III. KAFLI

Skráningar og sektarkerfi FSÍ, mótagjöld

8. gr.

Lágmarksaldur keppenda og skráningar

Keppendur á mótum FSÍ skulu vera 9 ára eða eldri á almanaksárinu.

Skráningar á mót skulu berast til skrifstofu FSÍ í gegnum Þjónustugátt FSÍ. Einungis er hægt að skrá keppendur, þjálfara og dómara á mót í samræmi við þeirra leyfi.

Fjöldi dómara á félag miðast við upphaflega skráningu á mót. Séu keppendur eða lið dregin úr keppni hefur það ekki áhrif á fjöldaskráningu dómara á mót. Einungis er hægt að skrá samningsbundna dómara.

Verði þátttaka á fimleikamóti ekki nægileg, samkvæmt fyrirframgefinni skilgreiningu, er framkvæmdaaðila móts heimilt, í samráði við skrifstofu FSÍ, að aflýsa mótinu, enda sé það gert í síðasta lagi 7 dögum fyrir áður ákveðinn mótsdag.

9. gr.

Skráningarferli

Áhaldafimleikar

Félög skrá á mót í gegnum mótakerfi FSÍ eigi síðar en 4 vikum fyrir mót. Þar skulu koma fram nöfn þjálfara, keppenda og varamanna, kennitölur og keppnisflokkar. Skila skal inn nöfnum dómara tveimur vikum fyrir mót. Félög skulu senda inn einn dómara fyrir hverja fjóra keppendur í 5. – 3. þrepi og einn dómara á hverja þrjá keppendur í 2. þrepi upp í frjálsar æfingar. Í liðakeppni skal að jafnaði senda minnst tvo dómara á lið. Skráningarfrestur getur tekið breytingum þegar keppendur vinna sér inn þátttökurétt á móti.

Hópfimleikar

Félög skrá á mót í gegnum mótakerfi FSÍ eigi síðar en 4 vikum fyrir mót. Skráningar í hópfimleikum eru tvískiptar. Skráningu liða skal skila 4 vikum fyrir mót. Nafnaskráningu þarf að skila inn í síðasta lagi viku fyrir mót og gildir það bæði um nöfn keppenda og þjálfara. Skila skal inn nöfnum dómara tveimur vikum fyrir mót. Fjöldi dómara er reiknaður í hlutfalli við fjölda liða sem félag skráir á mót.

Stökkfimi

Félög skrá á mót í gegnum mótakerfi FSÍ eigi síðar en 4 vikum fyrir mót. Þar skulu koma fram nöfn þjálfara, þátttakenda og varamanna, kennitölur og keppnisflokkar. Skila skal inn nöfnum dómara tveimur vikum fyrir mót. Félög skulu senda inn einn dómara fyrir hvert lið.

1 viku fyrir mót

FSÍ tilkynnir viðkomandi félagi keppnisröð og tímaplan.

Þjálfaraskráningar

Þjálfarar á mótum FSÍ verða að hafa lokið viðeigandi menntun fyrir sinn keppnisflokk. Félög skrá þjálfara líkt og keppendur fyrir hvert mót í þjónustugátt.

Í upphafi hvers mótshluta fer fram þjálfarafundur þar sem hverju félagi er skylt að staðfesta nöfn og fjölda frá sínu félagi.

Mæti þjálfari sem ekki er með viðeigandi leyfi inn á keppnisgölf kemur til sektar 50.000 kr.

Mótagjöld

Mótagjöld fást endurgreidd ef um er að ræða slys eða veikindi og tilkynnt er skriflega til skrifstofu FSÍ tveimur sólarhringum fyrir setningu móts. Skrifstofa hefur heimild til að óska eftir læknisvottorði.

10. gr.

Skráning berst seint/afskráningar

Ef félag skráir keppendur seint leggst álag á mótagjöld með eftirfarandi hætti:

- Flokkur 1 – skráning á sér stað innan við viku eftir að skráningarfresti lýkur. Ber félagi að greiða eitt og hálfmótagjald pr. keppanda.
- Flokkur 2 – skráning á sér stað 8 dögum eða síðar eftir að skráningarfresti lýkur. Ber félagi að greiða tvöfalt mótagjald pr. keppanda.

Ef félag skráir dómara seint leggst álag á mótagjöld viðkomandi félags með eftirfarandi hætti:

- a) Flokkur 1 – skráning á sér stað innan við viku eftir útgefna dagssetningu frá FSÍ. Ber félagi að greiða eitt og hálfmóttagjald pr. dómaragildi.
- b) Flokkur 2 – skráning á sér stað 8 dögum eða síðar eftir að skráningarfresti lýkur. Ber félagi að greiða tvöfalt móttagjald pr. dómaragildi.
- c) Engin/röng skráning dómara. – Félag svipt keppnisrétti á viðkomandi móti.

Afskráningar félaga eru heimilar, en móttagjöld miðast við upphaflega skráningu og breytast ekki við afskráningu.

11. gr.

Móttagjöld og aðrar tekjur af mótum.

FSÍ sendir reikning fyrir móttagjöldum á félög sem skráð hafa keppendur til móts áður en að mótahald hefst.

Móttagjöld skulu berast skrifstofu FSÍ áður en keppni hefst. Berist greiðsla ekki á tilsettum tíma kemur til sektar fyrir viðkomandi félag.

Ef ekki er gengið frá greiðslunni áður en mót hefst greiðist hún með sektarálagi sem samsvarar tvöföldum móttagjöldum félagsins á viðkomandi móti. Sé félag ekki búið að ganga frá greiðslum þegar að næsta móti kemur hefur félagið fyrir gert rétti sínum til þátttöku á því.

Móttagjöldin skiptast í þrjá jafna hluta og renna til FSÍ, landsliðsverkefna viðkomandi greinar og framkvæmdaraðila mótsins. Uppgjör móts fer fram eftir að móti er lokið og búið er að reikna dómaragreiðslur og kostnað við verðlaun mótsins. Við framkvæmd uppgjörs kann að vera litið til annarra þátta er varða bæði framkvæmd viðkomandi móts sem og annarra fjárhagslegra þátta er varða FSÍ og viðkomandi framkvæmdaraðila.

Tekjur af samningsbundnum auglýsingum FSÍ og sjónvarpsútsendingum skulu renna til FSÍ.

Allar aðrar tekjur af mótahaldi skulu renna til framkvæmdaraðila mótsins.

IV. KAFLI

Heilbrigðismál á mótum FSÍ

12. gr.

Ábyrgðarmaður heilbrigðismála

Ábyrgðarmaður skal hafa menntun á sviði heilbrigðismála s.s. Læknir, hjúkrunarfræðingur, sjúkraþjálfari eða sjúkraflutningamaður. Einnig skal hann hafa góða þekkingu á fyrstu hjálp.

Ef mótshaldari nær ekki að skipa ábyrgðarmann, skal láta FSÍ vita með minnst viku fyrirvara sem finnur ábyrgðaraðila á kostnað mótshaldara. Í þeim tilvikum er FSÍ heimilt að leggja umsýslukostnað ofan á kostnað við vinnu ábyrgðaraðila.

Mótshaldari sér til þess að nauðsynlegur búnaður sé til staðar til að bregðast við þeim slysum og/eða veikindum sem geta mögulega komið upp á hjá keppendum og/eða áhorfendum.

Ábyrgðarmanni ber að fylgja þeim reglum sem FSÍ setur um heilbrigðismál.

Ábyrgðarmaður sér um og ber ábyrgð á að standa skil á slysaskýrslum til FSÍ.

V. KAFLI Verðlaun á mótum FSÍ

13. gr.

Verðlaunapeningar áhaldafimleikar

Veita skal verðlaun á mótum í áhaldafimleikum með eftirfarandi hætti:

- Alltaf skal veita verðlaun fyrir 1., 2. og 3. sæti sé fjöldi þátttakenda átta eða fleiri.
- Ávallt skal veita fyrst verðlaun fyrir fyrsta sæti.
- Ef keppendur eru færri en sjö og ekki er hægt að sameina flokka, eru einungis veitt verðlaun fyrir fyrsta sæti.
- Ef keppendur í fjölþraut í 1.-3. þrepi eru 15 skal veita 1., 2., 3., 4. og 5. verðlaun í fjölþraut. Bronsverðlaunapeningur skal veittur fyrir 4. og 5. sæti.
- Ef keppendur í fjölþraut í 1.-3. þrepi eru 30 eða fleiri skulu veitt verðlaun fyrir 1. til og með 10. sæti. Bronsverðlaunapeningur skal veittur fyrir 4.-10. sæti.
- Veita skal verðlaunapening fyrir að ná þrepi í 4. og 5. þrepi, ekki eru veitt verðlaun fyrir sæti.

14. gr.

Verðlaunapeningar hóp fimleikar

Veita skal verðlaun á mótum í hóp fimleikum með eftirfarandi hætti:

- Verðlaun skulu veitt fyrir 1., 2. og 3. sæti hverri deild í hverjum flokki.
- Á haustmóti skal veita verðlaun fyrir 1. – 5. sæti séu lið fleiri en 10 í keppnisflokki, annars skal veita verðlaun fyrir 1.-3. sæti.
- Sé fjöldi liða færri en 5 í keppnisflokki skal eingöngu veita verðlaun fyrir 1. sæti.

15. gr.

Bikarar

Bikarar eru veittir á Íslandsmeistaramótum og Bikarmótum.

Eignabikarar

Eignabikarar eru fyrir alla aldursflokka og í öllum getuflokkum í báðum kynjum og blönduðum flokkum.

Hópfimleikar veita eignabikar fyrir 1. sæti á einstökum áhöldum í hverjum flokki á Íslandsmóti í mfl.

Hópfimleikar veita eignarbikar fyrir 1. sæti samanlagt í öllum flokkum á Íslandsmóti unglunga.

Hópfimleikar gefa eignarbikar fyrir alla flokka á bikarmótum.

Hópfimleikar veita deildarbikar í öllum flokkum.

Áhaldafimleikar veita stigameistara bikar í frjálsum æfingum hjá báðum kynjum í fullorðins- og unglungaaflokki.

Áhaldafimleikar veita bikar fyrir Íslandsmeistara í 1. – 3. þrepi.

Áhaldafimleikar veita eignarbikar fyrir alla bikarmeistara í frjálsum æfingum og í 1.-3. þrepi.

Stökkfimi veitir eignabikar fyrir 1. sæti fyrir samanlagðan árangur í öllum aldursflokkum á Íslandsmóti.

Farandbikarar

Farandbikarar eru aldrei til eignar.

Áhaldafimleikar veita farandbikara til bikarmeistara í frjálsum æfingum karla og kvenna, Íslandsmeistara í frjálsum æfingum karla og kvenna, bæði í fullorðinsflokki og unglungaaflokki og stigameistara karla og kvenna í fullorðins og kvennaaflokki. Bikurum skal skilað inn á skrifstofu FSÍ minnst tveimur vikum fyrir sama mót að ári.

Hópfimleikar veita farandbikara til bikarmeistara í karla, kvenna og blönduðum flokki í fullorðinsflokki og 1 flokki, til Íslandsmeistara í karla, kvenna og blönduðum flokki í fullorðinsflokki og til deildarmeistara í öllum flokkum. Bikurum skal skilað inn á skrifstofu FSÍ minnst tveimur vikum fyrir sama mót að ári.

VI. KAFLI

Áhaldafimleikar

16. gr.

Almennt um áhaldafimleika

Áhaldafimleikar eru grein innan alþjóðlega fimleikasambandsins (FIG) og er keppt eftir þeim Code of Points reglum sem breytast eftir hverja Ólympíuleika. FSÍ gefur út keppnisæfingar fyrir yngri flokka sem styðjast við reglur FIG.

17. gr.

Aldursflokkar í frjálsum æfingum (FIG)

Skipting í aldursflokka skal fara samkvæmt kröfum móta TK og TKV sem gefnar eru út að hausti.

Aldursflokkar í íslenska fimleikastiganum (FSÍ) eru skilgreindir:

- a) Samkvæmt kröfum móta.
- b) Aldur miðast við fæðingarár. Tækninefndir skulu sameina í aldursflokkum þegar færri en sjö keppendur eru skráðir í hvern aldursflokk í hverju þrepi fyrir sig.
- c) Keppt er eftir reglum um íslenska fimleikastigann.
- d) Tækninefndir í áhaldafimleikum gefa út skjal með mótskröfum á hverju hausti.

VII. KAFLI

Hópfimleikar

18. gr.

Almennt um hópfimleika

Keppt er eftir Code of Points Teamgym, útgefnum af UEG með íslenskum aðlögunum. Íslenskar aðlaganir eru samdar af tækninefnd í hópfimleikum. Keppt er í karla, kvenna og blönduðum flokkum.

19. gr.

Aldursflokkar í hópfimleikum

Aldursflokkar eru samkvæmt kröfum móta THF gefnar út að hausti.

Keppandi getur keppt með tveimur liðum á sama móti, en þó aldrei í sama flokki (ekki hægt að keppa við sjálfan sig). Þó má ekki meira en þriðjungur liðsins vera skráður í annað lið.

VIII. KAFLI

Reglur um áhöld á fimleikamótum

20. gr.

Áhaldafimleikar

Styðjast skal við reglur FIG um áhöld í áhaldafimleikum, en yfirdómara á viðkomandi áhaldi ásamt yfirdómara mótsins er heimilt að úrskurða um einstök áhöld á einstöku mótum.

Á þrepamótum skal farið eftir íslenska fimleikastiganum og ákvæði um áhöld þar. Mótsstjóri sér um að útvega lögleg áhöld á mótsstað að höfðu samráði við tækninefndir í viðkomandi grein.

Þjálfurum og þátttakendum er ekki leyfilegt að mæta með áhöld (t.d. stökkbretti) eða önnur hjálpartæki (s.s. litlar dýnur) á mótsstað og flytja á milli áhalda í keppninni án samþykkis tækninefnda.

21. gr.
Hópfimleikar

Styðjast skal við reglur UEG í hópfimleikum, en yfirdómara á viðkomandi áhaldi ásamt yfirdómara mótsins er heimilt að úrskurða um einstök áhöld á einstökum mótum. Mótshaldari sér um að útvega lögleg áhöld á mótsstað að höfðu samráði við tækninefnd. Þjálfurum og þátttakendum er ekki leyfilegt að mæta með áhöld (t.d. trampólín) eða önnur hjálpartæki (s.s. litlar dýnur) á mótsstað og flytja á milli áhalda í keppninni án samþykkis tækninefnda.

IX. KAFLI
Auglýsingar

22. gr.
Auglýsingar á íþróttabúningum

Engar reglur gilda um auglýsingar á íþróttabúningum hjá FSÍ

23. gr.
Helstu mót

Áhaldafimleikar:

Innanlands

- | | | |
|---|-----|--------------------------|
| • Haustmót í frjálsum æfingum | FIG | Frjálsar æfingar |
| • Haustmót í Íslenska fimleikastiganum | FSÍ | Íslenski fimleikastiginn |
| • Þrepamót 1, 2 og 3 | FSÍ | Íslenski fimleikastiginn |
| • Bikarmeistaramót í frjálsum æfingum | FIG | Frjálsar æfingar |
| • Bikarmeistaramót í Íslenska fimleikastiganum 1.-3. þrep | FSÍ | Íslenski fimleikastiginn |
| • Íslandsmeistaramót í frjálsum æfingum | FIG | Frjálsar æfingar |
| • Íslandsmeistaramót í Íslenska fimleikastiganum 1.-3. þrep | FSÍ | Íslenski fimleikastiginn |
| • GK Meistaramót | FIG | Frjálsar æfingar |

Tímabil	Fimleikastiginn	Frjálsar æfingar
okt-nóvember	Haustmót í Íslenska fimleikastiganum	Haustmót í áhaldafimleikum
janúar-febrúar	Þrepamót 2 og 3	
febrúar-mars	Bikarmót í íslenska fimleikastignum	Bikarmót í áhaldafimleikum
mars-apríl	Íslandsmeistaramót í íslenska fimleikastiganum	Íslandsmót í áhaldafimleikum
apríl-maí		GK Meistaramót

Erlend mót

- Norðurlandamót í áhaldafimleikum Fullorðnir Sjá Nordens Gymnastikförbund Regulations
- Norðurlandamót í áhaldafimleikum Unglingar Sjá Nordens Gymnastikförbund Regulations
- Norður-Evrópumót í áhaldafimleikum Sjá NEC Regulations
- HM í áhaldafimleikum Sjá reglur FIG
- Ólympíuleikar (lágmark frá FIG) Sjá reglur FIG
- Evrópumót í áhaldafimleikum Sjá reglur UEG/FIG
- Smáþjóðleikar (ÍSí) Sjá reglur UEG/FIG/GSSE
- Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar (ÍSí) Sjá reglur frá ÍSí og UEG/FIG

Heimsbikarmót og boðsmót samkvæmt ákvörðun afreksstjóra og landsliðsþjálfara

Hópfimleikar:

Innanlands

- Haustmót í hópfimleikum 1.,2.,3. og 4. flokkur
- GK mótið í hópfimleikum Meistara- og 1. flokkur
- Bikarmót unglunga í hópfimleikum 3.,4., og 5. flokkur
- Bikarmót í hópfimleikum Meistara-, 1., og 2. flokkur
- Íslandsmeistaramót í hópfimleikum Meistara- og 1. flokkur
- Íslandsmót Unglinga í hópfimleikum 1.,2., 3.,4. og 5.flokkur

Deildarkeppni í hópfimleikum

Þrjú mót telja til stiga í hverjum flokki og aldursflokki. Deildarmeistari er það lið sem hefur flest stig að loknum þeim mótum sem telja til stiga á hverju ári í hverjum flokki. Tækninefnd sendir út tilkynningu um hvaða mót telja í tengslum við mótaskrá ár hvert.

1.sæti	7 stig
2.sæti	5 stig
3.sæti	4 stig
4.sæti	3 stig
5.sæti	2 stig
6.sæti	1 stig

Ef lið eru jöfn:

1. Fleiri sigrar í fjölþraut á tímabilinu.
2. Fleiri innbyrðis sigrar á milli liðanna sem eru jöfn á tímabilinu.
3. Fleiri sigrar á einstökum áhöldum.
4. Allar einkunnir á mótunum þremur sem telja til stiga.

Erlend mót

- Norðurlandamót í hópfimleikum, fullorðnir Dæmt eftir CoP-UEG ásamt teknisk reglemang frá NTC-TG
- Norðurlandamót í hópfimleikum, unglunga Dæmt eftir CoP-UEG ásamt teknisk reglemang frá NTC-TG
- Evrópumót hópfimleikum, unglingar og fullorðnir Dæmt eftir CoP-UEG

Stökkfimi:

Innanlands

- Haustmót í stökkfimi
- Bikarmót í stökkfimi
- Íslandsmót í stökkfimi

Aldursflokkar

- Sjá keppnisstiga Stökkfimi.

Ítarlegar upplýsingar um fimleikamót

HÓPFIMLEIKAMÓT

HAUSTMÓT

1	Nafn móts	Haustmót í hópfimleikum
2	Tímabil	Október – nóvember
3	Innihald móts	2. - 4. flokkur
4	Fyrirkomulag	Mótið telur til stiga í deildarkeppni í 1, 2. , 3. og 4 .flokki
5	Keppnisreglur	UEG með íslenskum aðlögunum
6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í hverjum aldursflokki karla,kvenna og blönduðum flokki og deildum.

GK MÓTIÐ

1	Nafn móts	GK mótið í hópfimleikum
2	Tímabil	Febrúar
3	Innihald móts	Keppt er í meistaraflokki og 1. flokki
4	Fyrirkomulag	Mótið telur til stiga í deildarkeppni meistaraflokks og 1.flokks.
5	Keppnisreglur	UEG með íslenskum aðlögunum.
6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í flokki karla, kvenna og í blönduðum flokki og deildum.

BIKARMÓT UNGLINGA

1	Nafn móts	Bikarmót unglunga í hópfimleikum
2	Tímabil	Febrúar
3	Innihald móts	1. - 5. flokkur
4	Fyrirkomulag	Mótið telur til stiga í deildarkeppni í öllum flokkum.
5	Keppnisreglur	UEG með íslenskum aðlögunum
6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í hverjum aldursflokki karla, kvenna og í blönduðum flokki og deildum. Eignar er afhentur í hverjum flokki ásamt eignarbikar fyrir 1.sæti.

BIKARMÓT

1	Nafn móts	Bikarmótið í hópfimleikum.
2	Tímabil	Mars
3	Innihald móts	Keppt er í meistaraflokki
4	Fyrirkomulag	Mótið telur til stiga í deildarkeppni í öllum flokkum
5	Keppnisreglur	UEG með íslenskum aðlögunum
6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í hverjum aldursflokki karla, kvenna og í blönduðum flokki og deild. Eignar og farandbikar er afhentur í deild í A í hverjum flokki.

ÍSLANDSMEISTARAMÓT

1	Nafn móts	Íslandsmeistaramót í hópfimleikum
2	Tímabil	Apríl – fyrstu viku í maí
3	Innihald móts	Fjögur efstu liðin í karla, kvenna og blönduðum liðum frá Bikarmóti keppa á mótinu. Öll liðin í hverjum flokki keppa í einum opnum aldursflokki
4	Fyrirkomulag	Keppt er um Íslandsmeistararitla í fjölþraut og á einstökum áhöldum.
5	Keppnisreglur	UEG með íslenskum aðlögunum.

6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í flokki karla, kvenna og í blönduðum flokki. Eignar og farandbikarar veittir Íslandsmeisturum í fjölþraut í hverjum flokki. Eignarbikarar veittir Íslandsmeisturum á einstökum áhöldum í hverjum flokki. Eignar og farandbikarar eru veittir deildarmeisturum í meistaraflokki. Íslandsmeistarar í hópímleikum krýndir. Deildarmeistarar meistaraflokks krýndir.
---	----------	---

ÍSLANDSMÓT UNGLINGA

1	Nafn móts	Íslandsmót unglunga í hópímleikum
2	Tímabil	Mái
3	Innihald móts	Keppt er í 1, 2., 3., 4. og 5. flokki
4	Fyrirkomulag	Mótið telur til stiga í deildarkeppni öllum flokkum.
5	Keppnisreglur	UEG með íslenskum aðlögunum
6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í hverjum aldursflokki karla, kvenna og í blönduðum deild. Deildarmeistarar krýndir í 1.,2., 3. og 4. flokki.

STÖKKFIMI

HAUSTMÓT

1	Nafn móts	Haustmót í stökkfimi
2	Tímabil	Október – nóvember
3	Innihald móts	Keppt er eftir keppnisreglum í stökkfimi, A og B flokki
4	Fyrirkomulag	Liðakeppni
5	Keppnisreglur	Keppt eftir reglum í hópímleikum, dæmt eftir dómaraeglum í stökkfimi.
6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í hverjum getuflokki karla og kvenna.

BIKARMEISTARAMÓT

1	Nafn móts	Bikarmeistaramót í stökkfimi
2	Tímabil	Febrúar - mars
3	Innihald móts	Keppt er eftir keppnisreglum í stökkfimi, A og B flokki
4	Fyrirkomulag	Liðakeppni
5	Keppnisreglur	Keppt eftir reglum í hópímleikum, dæmt eftir dómaraeglum í stökkfimi.
6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í hverjum getuflokki karla og kvenna. Eignabikar í samanlögðum árangri.

ÍSLANDSMEISTARAMÓT

1	Nafn móts	Íslandsmeistaramót í stökkfimi
2	Tímabil	Apríl - maí
3	Innihald móts	Keppt er eftir keppnisreglum í stökkfimi, A og B flokki
4	Fyrirkomulag	Fjölþraut og einstök áhöld í öllum aldursflokkum
5	Keppnisreglur	Keppt eftir reglum í hópímleikum, dæmt eftir dómaraeglum í stökkfimi
6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í hverjum getuflokki karla og kvenna. Eignabikar í samanlögðum árangri.

ÁHALDAFIMLEIKAMÓT

HAUSTMÓT

Frjálsar æfingar

1	Nafn móts	Haustmót í áhaldafimleikum – frjálsar æfingar. C – mót
2	Tímabil	Október – nóvember
3	Innihald móts	Frjálsar æfingar karla og kvenna, allir aldursflokkar
4	Fyrirkomulag	Fjölþraut og einstök áhöld
5	Keppnisreglur	FIG
6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í fjölþraut og á hverju áhaldi í hverjum aldursflokki karla og kvenna

Fimleikastiginn

1	Nafn móts	Haustmót í áhaldafimleikum - íslenski fimleikastiginn C – mót
2	Tímabil	Október – nóvember
3	Innihald móts	3. – 1. þepi í íslenska fimleikastiganum karla og kvenna, allir aldursflokkar
4	Fyrirkomulag	Fjölþraut og einstök áhöld
5	Keppnisreglur	Íslenski fimleikastinn karla og kvenna
6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í fjölþraut og á hverju áhaldi í hverjum aldursflokki kk og kvk

PREPAMÓT FSÍ I

1	Nafn móts	Þrepamót FSÍ C – mót
2	Tímabil	Janúar – febrúar
3	Innihald móts	5. – 4. þepi í íslenska fimleikastiganum karla og kvenna.
4	Fyrirkomulag	Fjölþraut í 5. – 4. þepi
5	Keppnisreglur	Íslenski fimleikastinn karla og kvenna.
6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í fjölþraut fyrir að ljúka þepi í 5. – 4. þepi og bikar fyrir stigahæsta félag hvers keppnishluta.

PREPAMÓT FSÍ II

1	Nafn móts	Þrepamót FSÍ C – mót
2	Tímabil	Janúar – febrúar
3	Innihald móts	5. – 4. þepi í íslenska fimleikastiganum karla og kvenna. Allir aldursflokkar í 3. – 1. þepi
4	Fyrirkomulag	Fjölþraut og einstök áhöld í 3. – 1. þepi - Fjölþraut í 5. – 4. þepi
5	Keppnisreglur	Íslenski fimleikastinn karla og kvenna.
6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í fjölþraut og á hverju áhaldi í hverjum aldursflokki kk og kvk í 1. – 3. þepi og í Fjölþraut fyrir að ljúka þepi í 5. – 4. þepi og Bikar fyrir stigahæsta félag hvers keppnishluta.

PREPAMÓT FSÍ III

1	Nafn móts	Þrepamót FSÍ C – mót
2	Tímabil	Janúar – febrúar
3	Innihald móts	5. – 4. þepi í íslenska fimleikastiganum karla og kvenna.
4	Fyrirkomulag	Fjölþraut í 5. – 4. þepi
5	Keppnisreglur	Íslenski fimleikastinn karla og kvenna.
6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í fjölþraut fyrir að ljúka þepi í 5. – 4. þepi og bikar fyrir stigahæsta félag hvers keppnishluta.

BIKARMÓT

- Tækninefndir í áhaldafimleikum gefa út keppnisfyrirkomulag. Hversu margir eru í liði, keppa á áhaldi og telja til stiga í hverju þrepi fyrir sig.
- Liði er ekki heimilt að hefja keppni með færri keppendum en telja til stiga.
- Heimilt er að skrá tvo varamenn með hverju liði sem skipta má inná fyrir mót. Skrifleg tilkynning undirrituð af þjálfara þarf að berast yfirdómara fyrir innmars.
- Keppnisröð á hverju áhaldi fyrir sig afhendist mótsstjóra á þjálfarafundi mótsins.
- Hver þátttakandi hefur einungis rétt til keppni í einum getuflokki á mótinu. Hægt er að keppa með í liði í frjálsum æfingum þó keppandi sé í þrepum á öðrum mótum vetrarins.

Frjálsar æfingar

1	Nafn móts	Bikarmeistaramót í áhaldafimleikum A – mót
2	Tímabil	Febrúar – mars
3	Innihald móts	Frjálsar æfingar karla og kvenna, opinn aldur
4	Fyrirkomulag	Liðakeppni 5-5-3, frjáls fjöldi liða, hámark 2 varamenn, frjáls gestafjöldi
5	Keppnisreglur	FIG
6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í liðakeppni karla og kvenna. Farand- og eignabikar hjá báðum kynjum.

Fimleikastiginn

1	Nafn móts	Bikarmeistaramót í íslenska fimleikastiganum C – mót
2	Tímabil	Febrúar – mars
3	Innihald móts	3. – 1. þrepi í íslenska fimleikastiganum karla og kvenna.
4	Fyrirkomulag	Liðakeppni, frjáls fjöldi liða í hverju þrepi
5	Keppnisreglur	Íslenski fimleikastinn karla og kvenna
6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í liðakeppni. Eignabikar fyrir 1.sæti í hverju þrepi hjá báðum kynjum

ÍSLANDSMEISTARAMÓT

Frjálsar æfingar

1	Nafn móts	Íslandsmeistaramót í áhaldafimleikum A – mót
2	Tímabil	Mars – apríl
3	Innihald móts	Frjálsar æfingar karla og kvenna. Fullorðinsflokkur og unglíngaflokkur
4	Fyrirkomulag	Fjölþraut á fyrri degi ásamt úrtökumóti á áhöldum, úrslit á einstökum áhöldum á seinni degi
5	Keppnisreglur	FIG
6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í fjölþraut og á hverju áhaldi í hverjum aldursflokki karla og kvenna. Farand- og eignabikar í báðum aldursflokkum hjá báðum kynjum í fjölþraut.

Fimleikastiginn

1	Nafn móts	Íslandsmeistaramót í íslenska fimleikastiganum C – mót
2	Tímabil	Mars – apríl
3	Innihald móts	3. – 1. þrepi í íslenska fimleikastiganum karla og kvenna, allir aldursflokkar kk og kvk
4	Fyrirkomulag	Fjölþraut og einstök áhöld
5	Keppnisreglur	Íslenski fimleikastinn karla og kvenna, þátttaka = sjá kröfur móta
6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í fjölþraut karla og kvenna. Eignabikar í öllum aldursflokkum hjá báðum kynjum í fjölþraut.

GK MEISTARAMÓT

1	Nafn móts	GK Meistaramót B – mót
2	Tímabil	Apríl – maí
3	Innihald móts	Frjálsar æfingar karla og kvenna, allir aldursflokkar
4	Fyrirkomulag	Fjölþraut og einstök áhöld
5	Keppnisreglur	FIG, sjá nánar í kröfum móta
6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í fjölþraut og á hverju áhaldi í hverjum aldursflokki karla og kvenna. Stigameistari krýndur.

X. KAFLI

Réttindi og kröfur dómara í áhaldafimleikum. Dómaranámskeið

24. gr.

Réttindi og kröfur TKV dómara FSÍ

FLOKKUR	KRÖFUR	RÉTTINDI
E 3 / E3*dómari (* 16 eða 17 ára)	Taka þátt í dómaranámskeiði og standast dómarapróf verklegt (60%) og bóklegt (50%) Kynna sér Íslenska Fimleikastigann Lágmarksaldur 16 ára	FSÍ mót, <ul style="list-style-type: none"> • í frjálsum æfingum sem E dómari • í íslenska fimleikastiganum sem E dómari ef í dómaranefnd á áhaldi eru a.m.k. 3 dómara, eingöngu einn E3 dómari er leyfilegur í dómaranefnd á áhaldi Innanfélagsmót, Félagamót
E 2 / E2*dómari (* 16 eða 17 ára)	Taka þátt í dómaranámskeiði og standast dómarapróf verklegt (65%) og bóklegt (65%) Kynna sér Íslenskan Fimleikastigann Lágmarksaldur 16 ára	FSÍ mót <ul style="list-style-type: none"> • í frjálsum æfingum sem E dómari • í íslenska fimleikastiganum sem E dómari Innanfélagsmót, Félagamót mesta lagi einn E2* í dómaranefnd á áhaldi
E 1 dómari	Taka þátt í dómaranámskeiði og standast dómarapróf verklegt (65%) og bóklegt (65%) Kynna sér Íslenska Fimleikastigann Dæmt minnst 4 mót á ári Verið E2/ E3 dómari í minnst 2 ár eða verið dómari áður. Lágmarksaldur 18 ára	FSÍ mót <ul style="list-style-type: none"> • í frjálsum æfingum sem E dómari • Íslenska fimleikastiganum sem E dómari Innanfélagsmót , Félagamót Reynslu miklir dómara geta tekið að sér D dómara hlutverk í neðstu þrepunum Íslenska Fimleikastiganum
D 2 dómari	Dómaranámskeið/próf (65%) Kynna sér Íslenska Fimleikastigann Verið E1 dómari amk 2 ár Dæmt minnst 4 mót á ári Lágmarks aldur 20 ára	FSÍ mót <ul style="list-style-type: none"> • í frjálsum æf. sem E dómari og D2 dómari • í Íslenska Fimleikastiganum sem E eða D dómari Innanfélagsmót og önnur Félagamót
D1 dómari	Dómaranámskeið/próf (65%) Kynna sér Íslenska Fimleikastigann Verið E1 dómari amk 2 ár Dæmt minnst 4 mót á ári Lágmarks aldur 20 ára	FSÍ mót <ul style="list-style-type: none"> • í frjálsum æfingum sem D eða E dómari • í Íslenska Fimleikastiganum sem E eða D dómari Innanfélagsmót og önnur Félagamót
Alþjóðlegur Dómari	Verið virkur D1 dómari í minnst 2 ár, Dæmt minnst 4 mót á ári Lágmarksaldur 22 ára	

25. gr.
Réttindi og kröfur TK dómara FSÍ

FLOKKUR	KRÖFUR	RÉTTINDI
E Aðstoðar- dómari 15 ára eða eldri	Taka þátt í dómaranámskeiði. Þeir sem ekki standast E-dómarapróf. ¹ eða eru yngri en 16 ára ² , fá E-aðstoðardómarapróf	FSÍ mót: • í íslenska fimleikastiganum án þess að þeirra E-einkunn telji með í lokaeinkunn. Millifélaga- og innanfélagsmót: • í 3.-4.-5. og 6. þrepi ísl. fimleikast.
E 3 dómari 16 ára eða eldri	Dómaranámskeið/próf verklegt (60%) og bóklegt (50%)	FSÍ mót: • í íslenska fimleikastiganum sem E dómari í 3., 4. og 5. þrepi
E 2 dómari 16 ára eða eldri	Dómaranámskeið/próf verklegt (65%) og bóklegt (65%) Kynna sér Íslenska Fimleikastigann	FSÍ mót: • í íslenska fimleikastiganum sem E dómari og D dómari í 3.,4., og 5. þrepi
E 1 dómari 18 ára eða eldri	Dómaranámskeið/próf (65%) ¹ Dæmt minnst 2 mót á ári Verið E2/ E3 dómari í minnst 2 ár eða verið dómari áður. ³	FSÍ mót: • í frjálsum æfingum. sem E dómari • í íslenska fimleikastiganum sem E dómari og D dómari í 3.,4., og 5. þrepi
D 2 dómari 19 ára eða eldri	Dómaranámskeið/próf (65%) ¹ Dæmt minnst 2 mót á ári ⁴ Verið E1 dómari amk 1 ár	FSÍ mót: • í frjálsum æfingum. sem E dómari eða D 2 dómari • í Íslenska Fimleikastiganum sem E eða D dómari og yfirdómari
D 1 dómari 20 ára eða eldri	Dómaranámskeið/próf (65%) ¹ Dæmt minnst 4 mót á ári ⁴ Verið E1 dómari amk 2 ár	FSÍ mót: • sem E eða D dómari og yfirdómari
Alþjóðlegur dómari	Sitja alþjóðlegt dómaranámskeið viðurkennt af FIG og ná prófi samkvæmt útgefnum kröfum FIG í bóklegum og verklegum hluta. ⁵	FSÍ mót: • sem E eða D dómari og yfirdómari Alþjóðleg mót

¹ Hægt er að óska eftir upptökuprófi innan fjögurra vikna frá prófdegi án þess að sitja annað námskeið.

² Getur óskað eftir E-dómararéttindum þegar lágmarksaldri er náð, hafi viðkomandi náð prófi í bóklegum og verklegum hluta og viðhaldið þekkingu sinni með því að dæma mót sem tækninefnd í áhaldafimleikum karla viðurkennir.

³ Þeir sem ekki standast próf halda E-2 réttindum sínum hafi þeir dæmt amk 2 mót á ári á vegum FSÍ sem E-2 dómari.

⁴ Þeir sem ekki standast próf halda E-1 réttindum sínum hafi þeir dæmt amk 2 mót á ári á vegum FSÍ sem E-1, D-1 eða D-2 dómari.

⁵ Þeir sem ekki standast alþjóðlegt dómarapróf samkvæmt útgefnum kröfum FIG öðlast E-1, D-1 eða D-2 dómaraéttindi samanber kröfum tækninefndar karla í áhaldafimleikum.

21 árs eða eldri	Verið virkur D 1 dómari í minnst 1 ár, Dæmt minnst 2 mót á ári sem D dómari	
------------------	---	--

Dómarapróf FSÍ gefa réttindi til að dæma á innanfélagsmótum og félagamótum. Einnig veita þau réttindi til að starfa sem línudómari og tímavörður á öllum áhaldafimleikamótum innanlands á vegum FSÍ að alþjóðlegum mótum undanskildum. Gerðar eru kröfur að allir dómarar kynni sér íslenska fimleikastigann.

26. gr.

Dómaranámskeið

Dómaranámskeið falla undir fræðslusvið FSÍ og kostnaður greiðist af því félagi sem skráir þátttakanda á dómaranámskeið.

Kostnaður vegna alþjóðadómaranámskeiða greiðist af FSÍ.

27. gr.

Aðgönguskírteini

Fimleikasamband Íslands gefur út aðgönguskírteini, sem heimilar ókeypis aðgang að mótum á vegum sambandsins. FSÍ skal halda skrá yfir útgefin aðgönguskírteini.

- a) Aðgönguskírteini A, gildir fyrir tvo á öll FSÍ mót.
- b) Aðgönguskírteini B, gildir fyrir einn á öll FSÍ mót.
- c) Aðgönguskírteini D, dómarskírteini sem gildir fyrir einn á öll FSÍ mót.

Rétthafar skírteina eru:

- a) Aðgönguskírteini A skal gefið út til eins árs til stjórnar FSÍ, formanna nefnda FSÍ, starfsmanna FSÍ, forseta og framkvæmdastjóra ÍSÍ, heiðurfélaga, fyrrverandi formanna FSÍ og samstarfsaðila FSÍ.
- b) Aðgönguskírteini B skal gefið út til formanna fimleikadeilda og fastanefnda FSÍ.
- c) Aðgönguskírteini D skal gefið út til virkra dómara skv. ákvörðun tækninefndar.

Notkun skírteina:

- a) Aðgönguskírteini gildir aðeins fyrir rétthafa þess. Aðeins skal gefa út eitt aðgönguskírteini á hvern einstakling.
- b) Starfsmenn í miðasölu geta óskað eftir að einstaklingar með aðgönguskírteini sýni skilríki með mynd þegar aðgönguskírteini er framvísað.
- c) Misnotkun skírteinis getur haft í för með sér innköllun á því.
- d) Óheimilt er að gefa út önnur aðgönguskírteini, sem gilda um allt land, en um er getið í þessari reglugerð.
- e) Skírteinin gilda ekki á alþjóðleg mót og sýningar á vegum FSI.

28. gr.

Samfélagsmiðlar

Mótshaldari skipar samfélagsmiðlafulltrúa og sendir nafn, netfang og símanúmer á mótstjóra FSÍ, að undanskildum A-mótum, þá sér mótstjóri um samfélagsmiðla í samvinnu við skrifstofu FSÍ. Mótstjóri veitir fulltrúa aðgang að Facebook síðu FSÍ. Samfélagsmiðlafulltrúi ber að fylgja þeim reglum sem FSÍ setur um samfélagsmiðla.

29. gr.
Fjölmiðlar

Mótsstjóri FSÍ annast samskipti við fjölmiðla í samvinnu með mótshaldara, að undanskildum A-mótum, þá sinnir mótsstjóri í samvinnu við skrifstofu FSÍ því hlutverki alfarið. Mikilvægt er að vanda til verka þegar kemur að samskiptum við fjölmiðla. Í samskiptum við fjölmiðla er gott að hafa eftirfarandi í huga:

- Skrifstofa FSÍ býr til viðburð fyrir mótið á Facebook.
- Mótshaldari gefur upp tengilið við fjölmiðla á mótinu, tekur á móti fjölmiðlum og leiðbeinir þeim á mótstað.
- Skrifstofa FSÍ sendir fréttatilkynningu fyrir A-mót.
- Að móti loknu sendir mótshaldari stutta samantekt með úrslitum og myndum á mótsstjóra.